



HÁDEGIS-TILBOÐ

- Litil pizza af matseðli
→ 0,5 lítra gos
- Pizza af matseðli, miðstærð
→ 0,5 lítra gos

1.000 KR. 1.500 KR.

Gildir alla daga frá 11–16 ef þú sækir

OPIÐ

8-24

ALLA DAGA

Á EIÐISTORGI

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla




Sysstrasamlagið

Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

Sjá nánar á facebook.com/Sysstrasamlagið
Netverslun: sysstrasamlagið.is

Byggingarsamvinnufélag um bíllausan lífsstíll

Leitar eftir byggingarreit



Ljóst er að ekki er rými til að byggja bíllausa íbúðabyggð við Laugavegin en Miðborgarsvæðið hentar vel fyrir þennan lífsstíl.

Bíllaus lífsstíll hefur verið að ryðja sér til rúms að undanfögnu og hefur hugmyndin ekki látið Íslendinga ósnortna. Nú hefur verið stofnað til byggingafélags

Samtaka um bíllausan lífsstíl og var stofnfundur þess haldinn í Norræna húsinu fyrir skömmu. Markmið félagsins er að fá reiti miðsvæðis í borginni til að

byggja bíllaus hverfi. Félagið heitir Miðgarður og er Magnús Jensson arkitekt nýkjörinn formaður þess.

Næstu skref verða að kynna félagið betur fyrir almenningi og stjórnvöldum. Stefnt er á að halda kynningu á Hönnunarmars næst komandi þar sem sagt verður frá hugmyndum félagsins og sjónræn samantekt notuð. Félagið hefur enn ekki beint sjónum að ákveðnum svæðum innan borgarinnar en forsvarsmenn þessara hugmynda hafa átt fund með eigna- og atvinnuþróunarsviði borgarinnar í haust þar sem þeim voru sýndar ýmsar lóðir sem bæði eru í eigu hins opinbera og einkaaðila. Á síðasta ári sóttu félagsmenn um að fá að byggja á lóðinni við Sjómannaskólann en voru þremur stigum af 100 frá því að fá byggingarleyfi úthlutað. Áhersla er lögð á að byggja sem næst miðborginni þar sem auðveldara er að fara ferða sinna án þess að notast við eigin bíl. Einnig er lögð áhersla á hagkvæmt húsnæði sem aukið getur fjölbreytni á markaði.

- bls. 4-5

Viðtal við

Pránd Þórarinnsson
myndlistarmann



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Melabúðin

Þín verslun

 Sími 551-0224

Úrvals porramatur

úr kjötborði ...og allt meðlætið

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

1. tbl. 22. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Lengur verður ekki beðið

Hringbrautin er aðal umræðuefnið í Vesturbænum eftir að barn varð fyrir bíl á gatnamótum. Hringbrautin hefur lengi verið til umræðu sem slysagildra og óhagræði fyrir íbúa Vesturbæjar.

Hringbrautin er fyrst og fremst stór stofnbraut. Hún klífur Vesturbæinn og er hættuleg gangandi og hjólandi sem eiga leið yfir hana. Fyrir nokkrum árum var sett upp girðing á möninni á milli akreina til að varna fólki að fara yfir götuna en því var ekki fylgt eftir með því að skapa nægilega góðar gönguleiðir. Hvorki að auðvelda gangandi fólki að fara yfir götuna á gatnamótum eða byggja sérstakar gönguleiðir.

Á Hringbraut er 50 kílómetra hámarkshraði en ljóst að ökumenn virða þau mörk lítils. Algengt mun einnig að ökumenn fari yfir gatnamót á rauðu ljósi telji þeir enga umferð á gatnamótum sem er hreint lögbrot. Nú erum komnar fram kröfur um aukið eftirlit.

Einn vandi þessa máls er að Hringbrautin er svokallaður Þjóðvegur í þéttbýli og því á forræði Vegagerðarinnar en ekki Reykjavíkurborgar. Vegagerðin er ekki þekkt fyrir að vera fljót til verka og ljóst er að af hennar hálfu hefur verið lítil vilji til þess að koma til móts við vilja íbúa Vesturbæjar Reykjavíkur.

Ýmsar leiðir eru þó til úrbóta en flestar kosta þær fjármuni sem ríkið þarf að leggja fram vegna eignarhalds Vegagerðarinnar. Minni aðgerðir felast í hraðatak-mörkunum og öruggum gönguleiðum yfir götuna. Meiri aðgerðir felast í byggingu stærri mannvirkja á borð við göngubrýr og undirgöng. Stærsta aðgerðin er að leggja Hringbraut frá Ánanaustum að Suðurgötu í stokk.

Ljóst er að bið er á stærri aðgerðum við Hringbraut. Þótt lækveðnar yrðu tekur undirbúningur þeirra tíma. Í minni aðgerðirnar mætti þó ráðast fljótt. Ökuhraðann má lækka strax á morgun og í gerð gangbrauta væri hægt að ráðast í þegar á komandi sumri. Lengur verður ekki beðið með úrbætur á Hringbrautinni.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband

Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband

info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á Facebook

Gangbrautarverðir eru tímabundin lausn

- allar breytingar á Hringbraut háðar samþykki Vegagerðarinnar

Gangbrautarverðir hafa tekið til starfa við gatnamót Hringbrautar og Meistaravalla þar sem ekið var á barn nýlega. Um tímabundna lausn er að ræða vegna þess að margar gönguleiðir liggja yfir Hringbrautina. Þær fjölförnustu eru við Meistaravelli, við Hofsvallagötu og við Birkimel. Fjöldi barna og ungmenna fer daglega yfir Hringbraut á leið í skóla, til frístunda eða á íþróttæfingar. Íbúar hafa bent á að hraðakstur sé allt of algengur á Hringbraut og að ökumenn aki gjarnan yfir gatnamót á rauðu ljósi.

Hringbrautin er stofnbraut og þjóðvegur í þéttbýli og því í eigu og umsjón Vegagerðarinnar. Af þeim sökum getur Reykjavíkurborg ekki gert breytingar á götunni nema í samráði við Vegagerðina. Ýmsum möguleikum hefur verið velt upp á undanförunum árum. Þar á meðal gerð undirganga, bygging göngubrúa auk betri merkinga. Þá hefur verið rætt um hvort lækka eigi hámarkshraða á Hringbraut úr 50 kílómetrum í 30 kílómetra sem er sambærilegur við hámarkshraða á íbúðagötum. Allar þessar hugmyndir sem og aðrar eru þó háðar samþykki Vegagerðarinnar.



Á þessari loftmynd sjást gatnamót Meistaravalla og Hringbrautar greinilega þar sem ekið var á barn á dögnum. Meistaravellir eru aðalaðkomuleið úr byggðinni vestan Hofsvallagötu inn á Hringbraut en ártugir eru síða Kaplaskjólsvégi var lokað til norðurs.

Einnig er ljóst að alvöru lausnir útheimta háar fjárhæðir en lengi hefur strandað á vilja hennar til að gera úrbætur. Umferðaröryggi Hringbrautar var til umræðu á fundi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis sl. föstudag. Boðaða var til fundarins m.a. til

þess að fá fram hugmyndir Vegagerðarinnar um hvað hægt sé gera til þess að bæta umferðaröryggi þar sem börn sem búsett eru báðum megin við götuna þurfa að sækja skóla sem er öðrum megin við hana.

Skipulag fyrir Héðinsreit auglýst



Hugmynd að byggingum á Héðinsreit sem munu snúa að Ánanaustum.

Borgarráð Reykjavíkur hefur hefur samþykkt að auglýsa skipulag fyrir svonefndan Héðinsreit. Um er að ræða lóðir við Seljaveg 2 og Vesturgötu 64. Reiturinn er í heild kenndur við Héðinshús sem var byggt á árunum 1941 til 1943 fyrir Vélsmíðjuna Héðinn.

Nú hafa þessar tvær lóðir verið skipulagðar

saman. Arkitektastofunnar Jvantspijker í Hollandi og Teikn arkitektapjónustan hafa unnið að nýju deiliskipulagi í sameiningu undanfarin tvö ár en gildandi deiliskipulag á reitnum er frá árinu 2007. Gert er ráð fyrir að um 330 íbúðir og 230 hótélherbergi eða hótélíbúðir verða á reitnum samkvæmt deiliskipulagstillögunni sem er á leið í kynningu.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI 511 1188 - 895 8298

Umhverfisvottuð málning

GJØCO

Litur í auglýsingu
Djúpsjávargrænn

**Það er
lítið mál
að mála!**



Einar Loftsson

Málarameistari og deildarstjóri
málningardeild Granda

OPIÐ

VIRKA DAGA 8-18:30

LAUGARDAGA 10-18

SUNNUDAGA 11-17

WWW.BYKO.IS



**BYKO
GRANDI**
KOMDU Í HEIMSÓKN!

Ákveðinn í að halda áfram á þessari braut

- segir Þrándur Þórarinsson myndlistarmaður

Þrándur Þórarinsson myndlistarmaður stóð við trönurnar með pensil í hönd þegar tíðindamaður Vesturbæjarblaðsins leit til hans á vinnustofu hans á dögnum. Á striganum blasti Akureyrarkirkja við en einnig Kolbeinn kapteinn og Tinni sem listamaðurinn hefur málað inn á myndina neðan kirkjunnar. “Ég er að mála fyrir sýningu sem ég ætla að setja upp í menningarhúsinu Hofi á Akureyri innan tíðar. Í bókinni Leynardómar halastjörunnar sem er ein af Tinnabókunum koma þeir til Akureyrar. Ég á eftir að mála hundinn Tobba inn á myndina en hann var fórunautur þeirra. Þarna er ég að tengja minni úr einni af Tinnabókunum við Akureyri.”

Þrándur hefur vakið verðskuldaða athygli að undanfögnu. Ef til vill er réttara að nefna hann listmálara en myndlistarmann vegna þess að hann heldur sig við form og handtök sem finna má langt aftur í listasögunni en lætur nútíma stefnur og straum hjá líða. Þrándur malar í stíl gömlu meistaranna ef svo má að orði komast en leyfir hugmyndafluginu að reika og stundum að fara á flug. Einkum ef hann sér spaugilega hluti fyrir. Nýtt málverk hans af “Kausturfundinum” svokallaða þar sem nokkrir þingmenn komu saman að kvöldi dags og létu gamminn geisa fjálglega yfir öglasi og komst í hárnæli vakti mikla athygli. Þar felldi hann “Klausturþingmennina” inn í ramma hins gamla málverks. Annað nýlegt málverk hans þar sem hann málaði fjármálaráðherra færðan í svokallaða nábrók vakti einnig mikla athygli en frásagnir af nábrók eru ættaðar úr galdrafræðum fyrir tíma. Fyrir nokkrum árum sýndi hann magnaða mynd af Grýlu sem borðar börnin. En hver er þessi frumlegi listmálari sem sækir sér einkum efnivið í þjóðsögur og gamlar sagnir og blandar þeim saman við nútímann gjarnan í háðslegum stíl.

Norðlendingur og Norðmaður
“Ég er fæddur á Akureyri 1978.



Þrándur Þórarinsson. Til hægri er mynd af málverki hans af börnum og skreið.

Foreldrar mínir eru Þórarinn Hjartarson, sagnfræðingur frá Tjörn í Svarfaðardal og Katjana Edwardsen, þýðandi sem er af norskum ættum og er búsett í Noregi. Leiðir foreldra minna lágu til sitt hvorrar áttar og ég ólst bæði upp á Íslandi og í Noregi. Við systkinin vorum að flakka talsvert á milli. Ég lauk framhaldsskólsanámi við Menntaskólann á Akureyri, las síðan heimspeki við HÍ og lauk meistaraþrófi í heimspeki í Danmörku árið 2015. Leiðin að myndlistinni byrjaði snemma. Ég var síteiknandi sem barn. Ég var ekki í íþróttum því áhuginn beindist allur að teikningunni. Ég átti frændur sem voru líka að teikna. Einn þeirra er Hugleikur Dagsson skopmyndateiknari. Við erum systkinabörn og hann er einu ári eldri en ég.”

Lærði hjá Odd Nerdrum

„Við Hugleikur teiknuðum mikið saman. Stundum bjuggum við hvor í sínu landi og þegar við hittumst bárum við saman

teikningarnar okkar. Ég held að áhuginn hafi einkum spröttið frá þessum stundum okkar. Snemma áttaði ég mig hins vegar á því að við Hugleikur myndum stefna hvor í sína áttina á þessu sviði. Ég var síðan á myndlistarbraut í Menntaskólanum á Akureyri og stundaði einnig listnám við Myndlistaskólann þar í bæ. Síðar í málaraeild Listaháskóla Íslands. Námið við Listaháskólann hentaði mér hins vegar ekki. Nútíminn átti ekki allskosta við mig eða mínar hugmyndir. Ég stefndi ekki að því að vera konsept listamaður. Ég horfi meira til gömlu evrópsku meistaranna. Stúderaði bækur með verkum þeirra og langaði til þess að læra aðferðir sem þeir notuðu. Það er ekki fyrr en ég kynntist norska listmálaranum Odd Nerdrum að þetta fór að ganga eftir. Ég hafði vitað af honum og þekkti til verka hans en hann leitar einmitt í smíðju hinna eldri listamanna. Svo frétti ég að hann væri fluttur til Íslands og þá var ef til vill tækifæri til þess að kynnast manninum og

leita til hans. Ég varð svo heppinn að rekast á hann á förnum vegi og tók hann tali. Talið færirst að áhuga mínum. Hann hafði verið með nemendur og tók því vel að segja mér til. Þetta enti með því að ég var lærlingur hjá honum þann tíma sem hann bjó hér á landi eða í um þrjú ár á árunum 2003 til 2006.”

Þjóðsögurnar eru fullar af myndefni

Odd Nerdrum þykir ekki fara alfaraleiðir hvorki í myndlistinni eða í almennum háttum. “Nei – hann er nokkuð sérstakur. Bæði vinnur hann í þessum stíl og einnig tjáir hann sig með öðrum hætti en flestir eiga að venjast. Getur talað stanslaust, skiptir hann ekki máli hvort einhver sé að hlusta en í raun er hann skemmtilegur. Einn skemmtilegasti einstaklingur sem ég hef kynnst. Það er að hluta vegna áhrifa frá honum hvert ég sækí myndefni mitt. Ég fjalla mikið um íslenska sögu og bókmenntir.

Þjóðsögurnar eru fullar af myndefni og hinn forni sagnaarfur er mikil uppspretta hugmynda. Ég blanda þessu stundum. Fer á milli þjóðernisrómantíkur og allt yfir í súrealisma með viðkomu á barrokk tímabilinu. Tengingin við fortíðina einkennir myndsköpun mína. Hún er þó ekki nauðsynleg til að vinna í þessu formi. Ætli ég sé sjálfur ekki haldinn svo mikilli fortíðarþrá. Ég hef mikinn áhuga á sögu og las heimspeki. Þetta tengist allt saman. Þetta hefði eflaust farið öðruvísi ef ég hefði lært eitthvað annað til dæmis stærðfræði.”

Ekki kitsch málari

Talið berst aftur að norska stórmálaranum Odd Nerdrum sem hefur lýst sjálfum sem sem kitsch-málara. Nokkru sem telst afturhvarf til gömlu meistaranna og gagnrýni á síðari listastefnur. Telur Þrándur sig vera kitsch listmálara. Hann neitar því. “Ég skil þessa hugmyndafræði en vil ekki tengja sjálfan mig við hana. Ekki að öllu leyti. Þetta er fremur þröng skilgreining en ég vil hafa rýmri hendur til þess að skapa mínar myndir. Stundum fæ ég að heyra að ég máli myndir sem fólk skilur. Þetta sé aðgengilegt form. Hugsanlega finnst fólki þetta fallegt. En ég hef líka verið að taka nútímann inn í verkin. Held að fólki líki það ágætlega.”

Nábrókin og persónulega

Þrándur varð fertugur á liðnu ári og efndi af því tilefni til sýningar í Hannesarholti 6. október sl. Á sýningunni var afhjúpuð mynd af stórbóndanum og rokkstjörnunni Svavari Péttri Eysteinessyni sem er þekktur sem Prins Póló. Þeir Þrándur unnu talsvert saman um tíma. Fleiri ný verk voru á áfmælissýningunni. Mannlífsmyndir og kyrralífsmyndir en málverkið af nábrók fjármálaráðherra naut ekki náðar húsráðenda Hannesarholts. Trúlega þótt of persónulegt.

Í myndlistinni er maður einsamall

Þrándur starfar eingöngu við myndlistina í dag og kveðst vart

FERSKUR FISKUR
DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





Þessa mynd má tengja við hrunið þótt tímaviðmiðið sé annað.

hafa undan. “Ég vann á sambýli um tíma og það var síðasta heiðarlega vinnan sem ég stundaði.” Telur hann myndlistina þá ekki heiðarlega. Hann brosir við. “Hún er öðruvísi vinna. Í myndlistinni er maður einsamall. Er eign húsbóndi og verður að beita sínum eigin aga til þess að eitthvað gerist. Ég er nokkuð lengi með hverja mynd. Þetta er mikil nákvæmni vinna og framleiðslan er kannski minni en hún ætti að vera. Ég hef haldið mig við þessa stefnu og verið að þróa minn stíl. Ég er

búinn að halda einar tólf sýningar. Sú síðasta var í Hannesarholti og önnur í Kaupmannahöfn. Nú stefni ég á Akureyri.”

Kaupendur eru einstaklingar og heimili

Þrándur segir að fyrstu viðbrögð við sýningum hans hafi komið honum á óvart. “Fyrsta stóra einkasýningin sem var 2008 gekk vel. Mun betur en ég bjóst við og var því hvetjandi fyrir áframhaldið. Það selst allt vel. Kaupendur eru

einstaklingar og heimili. Ég hef ekki enn selt mynd til opinberra aðila og ekki heldur notið styrkveitinga þeirra. Ég hef til dæmis ekki fengið listamannalaun eða boð um að sýna á opinberum vettvangi. Kannski af því að ég vinn ekki með nútímalist. Eftir formbyltinguna um miðja síðustu öld var reynt að úthýsa þeim sem ekki fylgdu með. Mér líður ekki þannig að ég sé utanveltu og mér gengur vel. Ég vil alls ekki kvarta. Þegar kemur að öðrum listamönnum upplifi ég ekkert annað en gagnkvæma

virðingu. Ég veit ekki af hverju ég er ekki í náðinni hjá þeim sem útteila listamannalaunum og opinberu sýningarrými.”

Bý í Sörlaskjóli og vinn á Nýlendugötunni

Þú býrð í Vesturbænum. Ertu orðin Vesturbæingur. “Er maður ekki það sem maður býr. Ég bý vestur í Sörlaskjóli og vinn á Nýlendugötunni. Ég er alla daga í Vesturbænum. Ég flutti til Danmerkur 2012 og bjó þar í þrjú ár. Ég lauk mastersprófinu í heimspeki og var einnig að mála. Nú er ég hér og kann vel við mig. Kannski á ég eftir að hasla mér frekari völl erlendis. Í dag er stutt fyrir mig að fara á vinnustofuna og að sækja

sjö ára dóttur mína í skólann. Hún býr hjá mér en stundum hjá móður sinni í Danmörku. Ég ólst þannig upp. Í tveimur löndum. Já – ég er alveg ákveðinn í að halda áfram á þessari braut.”

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

 **TÖLVULAND**

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is



við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966



HRADI fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is



Haga— vagninn

Hofsvallagata 52



Í ræktinni



rafbokasafnid.is

Rafbókasafnið

Mikil og góð áramóta- stemning í Skerjafirði

Mikið fjölmenni og góð stemning var við brennuna á gamlárskvöld í Skerjafirði. Kjartan Gunnar Kjartansson stjórnaði fjöldasöng við harmonikku undirleik Björns Jónssonar og hinn alkunni brennukór hverfisins lét sig ekki vanta og sungu hefðbundna áramóta söngva.

Sú skemmtilega hefð hefur skapast að Prýðifélagið

Skjöldur íbúasamtök Skerjafjarðar stendur fyrir því að íbúar safnast saman í blysför og ganga að brennunni með logandi kyndla í gegnum hverfið. Brennustjórinn til margra ára Hákon Ólafsson hafði veg og vanda að þessari glæsilegu brennu sem var í stærri kantinum þetta árið og sjaldan verið jafn fjölmennt á brennunni og um þessi áramót.



Hluti af brennukórnum t.v. Eggert Benedikt Guðmundsson, Marta Guðjónsdóttir, Kjartan Gunnar Kjartansson söngstjóri og Sigríður Ragna Sigurðardóttir.



Hákon Ólafsson brennustjóri, Sigríður Ragna Sigurðardóttir og Anna Bender formaður Prýðifélagsins Skjaldar.



Harmónikuleikari var Björn Jónsson.

XO
FUN • FAST • FUSION



+



= 1890 kr*

*Tilboðið gildir aðeins á Hringbraut - alla daga til kl 16



LEYNIST SÓLARSTRÖND Í PUNKTUNUM ÞÍNUM?

PENINGAR



PUNKTAR

Farðu nýja leið út í heim
Safnaðu Vildarpunktum eftir ýmsum leiðum og draumafrið gæti verið innan seilingar. Þú getur blandað saman punktum og peningum þegar þú greiðir fyrir farmiðann. Hefur þú kannað hvað leynist í punktunum þínum?

Minni hraði, fleiri gangbrautir, hringtorgin burt og aukið eftirlit

- eru á meðal hugmynda íbúa Vesturbæjar um Hringbraut

Ein þeirra hugmynda sem Íbúasamtök Vesturbæjar hafa sett fram um breytingar á umferð um Hringbraut er að grænu gönguljósin logi lengur en umferðarljósin fyrir bíla. Einnig verði rauð ljós á allri umferð meðan grænt ljós er fyrir gangandi. Önnur hugmynd er að stórum hringtorgum við Hringbraut verði breytt í gatnamót með góðum gangbrautum. Þetta kom meðal annars frá á fundi með fulltrúum Íbúasamtaka Vesturbæjar, Reykjavíkurborgar, Vegagerðarinnar og lögreglu.

Af öðrum hugmyndum íbúasamtakanna má nefna að gangbrautir séu vel merktar með öðru efnisvali, lit og áferð en malbik götunnar. Að lýsing sé öðru vísi á litinn og hönnuð sérstaklega fyrir gangbrautir. Að ljósastaurar séu lágir og í heildina mun meiri lýsing þar sem þveranir fyrir gangandi og hjólandi eru staðsettar. Að bílar séu látnir stoppa í góðri fjarlægð frá gangbrautum og að sett verði upp hraðamælitæki og myndavélar. Auk þess er lagt til að gatnamót Hringbrautar og Hofsvallagötu verði endurgerð. Þá telja samtökin ákjósanlegt að hringtorgin við Suðurgötu og beggja vegna Ánanausta verði fjarlægð. Hringtorg auki aðeins öryggi bíla en séu hættuleg gangandi og hjólandi. Vilja samtökin umferðarljós með góðum gangbrautum komi þeirra í stað.

Íbúasamtökin leggja einnig til að fyrrnefndar göngu- og hjólaþveranir verði gerðar fyrst á fjórum stöðum. Gatnamótum við Framnesveg, þar sem Bræðraborgarstígur og Kaplaskjólsvegur mætast, þar sem Ljósvallagata og Birkimelur mætast og á Hringbraut við Bjarkargötu/Sæmundargötu.

Hraðakstur og akstur á rauðu ljósi

Mikil umræða hefur verið í Vesturbænum um Hringbrautina eftir að barn slasaðist þegar bifreið var ekið á það á gatnamótum Hringbrautar og Meistaravalla fyrir skömmu. Í þeim umræðum hefur komið fram að mikið sé um hraðakstur á Hringbrautinni, jafnvel langt yfir núverandi leyfilegum hámarks hraða og það sem enn verra er að ökumenn aki gjarnan yfir gegn rauðu ljósi telji þeir enga umferð vera á gatnamótunum sem auðvitað er skýlaust lögbrot. Skiptar skoðanir eru um málið og hafa Vesturbæingar og aðrir rætt málið og sýnist sitt hverjum. Meðal þess sem hefur komið fram er að gönguvörður standi þar vaktina og fylgi skólabörnum yfir götuna og í tómstundir. Einnig hefur verið lagt til að lögð verði göngubrú undir götuna og spurt hvort pláss sé fyrir slíkt. Þá hefur verið bent á að lausnin liggi í að þrengja Hringbraut, frá JL-húsinu



Hér má sjá hugmyndir um gangbrautir er lagað gætu ástandið á Hringbrautinni.

að Suðurgötu, eða hreinlega leggja hana í stokk sem er risa stór framkvæmd. Í umræðum sem orðið hafa hefur komið fram að veruleg heilsufarsleg áhætta sé að halda götunni sem þessari hraðbraut og himinhrópandi rugl að íbúar þurfi að óttast um líf sjálf sín og barna sinna við að komast yfir götuna. Þau sjónarmið hafa einnig heyrst að þrengja þurfi götuna jafnvel þótt hún verði áfram 2+2 akreinar því bílar aki hægar á þröngum götum. Breikka verði gangstéttar, bæta lýsingu, setja borgartré

með fram götunum, hafa hraðamyndavélar og auðvitað myndavélar sem ná þeim sem fara yfir á rauðu ljósi.

Hafa fengið sig fullsadda

Þorsteinn Rúnar Hermannsson, samgöngustjóri hjá Reykjavíkurborg hefur sagt að kallað hafi verið eftir upplýsingum frá lögreglu um slysið sem nýlega varð. Hvort eitthvað sé sem borgin geti gert til úrbóta. Áhyggjur hafi verið af Hringbraut um nokkurn tíma

skoðað hvað hægt sé að gera til að draga úr hraða og bæta öryggi gangandi vegfarenda. Lausn hafi því miður ekki enn náðst en henni þurfi að ná fram sem fyrst því minni hraði sé lykilatriði. Vesturbæingar hafa fengið sig fullsadda á ofsafengnum akstri og tillitsleysi ökumanna sem aka á Hringbraut og slysið sem varð á dögnum þegar ekið var á barn á gatnamótum Hringbrautar og Meistaravalla virðist vera kornið sem fyllt hefur mælinn.

HÚSEIGENDUR – GÓÐIR ÍSLENDINGAR

Tökum að okkur lagfæringar á byggingum, breytingar eða endurbætur.

Parketlagnir, skjólveggi, þakviðgerðir, Lagfærum lóðir og bílastæði

Vanir menn – vönduð vinnubrögð

Slaki ehf

Upplýsingar gefa Páll, 664 7000 - pg@slaki.is
og Halldór, 663 6600 - hk@slaki.is eða á www.slaki.is

JÓGA & HEILSA

Námsskeið fyrir konur á Aflagrandu 40

Jógaleikfimi, mjúkar æfingar, góðar teygjur, öndun og slökun.

Jóga liðkar og styrkir líkamann, er gott gegn vefjagigt og eykur almenna andlega og líkamlega vellíðan.

Skráning hjá Hildi B. Eydal jógakennara • Gsm: 8644476



Réttindi frá British School of Yoga og Yoga studio.

PÓSTURINN

ER FLUTTUR

Nýtt pósthús í byggingu Hótel Sögu við Hagatorg opnaði um áramótin og eru opnunartímar alla virka daga frá kl. 09:00 - 18:00.

Allar nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu Póstsins www.postur.is.

Með kveðju,
Pósturinn



Útsala



20-80% afsláttur
af umgjörðum
20% af glerjum

Sjónmæling innifalin

 **Gleraugað**

Kringlunni

Sími: 568 1800

Bjarki og Kolbeinn sýna í Nýló

Tvær fyrstu sýningar ársins í Nýlistasafninu í Örfirisey opnuðu 17. janúar sl. Þetta eru einkasýningar listamanna Kolbeins Huga og Bjarka Bragasonar sem báðar eru staðsettar í sýningarsal Nýlistasafnsins í Marshallhúsinu og bergmála sín á milli. Báðir sýnendurnir rannsaka samband okkar við umhverfið, fólk og hluti í fortíð og nútíð en listamennirnir nálgast viðfangsefnið út frá ólíkum sjónarhornum og aðferðum. Að þessu sinni glímur Bjarki Bragason við áhrif nærumhverfisins á hann sjálfan, og aðra, á nánast umhverfisfræðilegan hátt en Kolbeinn Hugi nýtir sér framúrstefnu og vísindaskáldskap til að fletta dulunni af mögulegri framtíð með Cryptopia One: Liðir þeirra Kolbeins Huga og Bjarka Bragasonar hafa títt legið saman í gegnum tíðina en þetta er í fyrsta sinn sem þeir opna samhlíða sýningar í sama rýminu.



Nýlistasafnið er í Marshallhúsinu í Örfirisey.



Við gömlu höfnina



reykjavikrost.is



www.101.is

Um 19 þúsund fermetra bygging við Hringbraut



Hinar nýju byggingar er fyrirhugaðar á milli Hringbrautar og Læknagarðs.

Hugmynd er um byggingu um 19 þúsund fermetra byggingu með fram Hringbraut suður af Læknagarði. Gert er ráð fyrir um 15 þúsund fermetra byggingu ofan jarðar og um fjögur þúsund fermetra bílajakjallara. Það eru Vísindagarðar Háskóla Íslands sem munu standa að þessum framkvæmdum. Um verður að ræða svokallaða randbyggð sem er bygging sem umkrýnd er götum á fjóra vegu. Dæmi

um randbyggð eru Verkamannabústaðirnir við Hringbraut. Hugmyndin er að í þessum byggingum verði rannsókn- og nýsköpunarstarfsemi en einnig aðstaða fyrir fyrirtæki sem falla þykja að Landsspítala háskólasjúkrahúsi. Gert er ráð fyrir að vinna við deiliskipulag geti hafist í vor eða sumar og að hún muni taka um eitt ár. Að því búnu mun vinna við byggingar geta hafist. Trúlega undir lok árs 2020.



Hjá okkur starfa starfsmenn með áralanga reynslu af bílasprautun og bílaréttingum.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði.

Við notum hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er búið fullkomnustu tækjum sem völ er á í faginu svo sem Autorobot réttingabekk með öllum þeim mælitækjum sem til þarf til viðgerðar á bíl eftir tjón.

Herkules lyftur og Omia sprautuklefi sem er einn sá fullkomnasti á landinu.

Við sprautun á bílum er notast við hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn vatnslökk og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði. Verkstæðið þjónustar allar bíltegundir.



RÉTTING & SPROUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi · www.bilarogtjon.is



Redbull
skíðagleraugu
Verð áður: 28.800 kr.
70% afsláttur
Verð nú: 8.640 kr.



Jensen
sólgleraugu
Verð áður: 12.900 kr.
30% afsláttur
Verð nú: 9.030 kr.



Centro style
barnagleraugu
Verð áður: 9.900 kr.
30% afsláttur
Verð nú: 6.930 kr.

ÚTSALA!

Allt að 70% afsláttur
af umgjörðum og
sólgleraugum



Tommy Hilfiger
Verð áður: 27.850 kr.
50% afsláttur
Verð nú: 13.925 kr.



Cocoa Mint
Verð áður: 14.900 kr.
70% afsláttur
Verð nú: 4.470 kr.



Redbull
Verð áður: 18.900 kr.
50% afsláttur
Verð nú: 9.450 kr.



Boss
Verð áður: 37.650 kr.
50% afsláttur
Verð nú: 18.825 kr.

Ray-Ban

VANNI
MADE IN ITALY. FOR SURE.

SMITH

Red Bull

BOSS
HUGO BOSS

CEBE

COCOA MINT

iGreen
Hi-Tech Frames

TOMMY HILFIGER

LOUIS MARCÉL

bolle

E
YES
LAND

gleraugu

LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á HANDUNNIN OG KLÆDSKERASKORIN KARLMANNSBELTI ÚR HÁGÆÐA LEÐRI. ÞÁ BJÓÐUM VIÐ UPP Á MIKIÐ ÚRVAL AF AXLABÖNDUM.



LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK Á SÉR LANGA SÖGU EN UPPHAF ÞESS MÁ REKJA ALLT AFTUR TIL ÁRANNA FYRIR SEINNA STRÍÐ. ÁRIÐ 1937 HÓF ÞAÐ STARFSEMI SÍNA AÐ VÍÐIMEL Í REYKJAVÍK EN Í DAG ER ÞAÐ TIL HÚSA MEÐ VERSLUN OG VERKSTÆÐI AÐ SÍÐUMÚLA 33.

NÝJAST VARAN OKKAR ER PASSAVESKI SEM ER 100% ÍSLENSKT HANDVERK GERT ÚR HÁGÆÐALEÐRI. ÞÁ ER HÆGT AÐ FÁ TÖSKUMERKI MEÐ ÁLETRUN EIGANDANS MEÐ PASSAVESKINU. Í VESKINU ER GERT RÁÐ FYRIR VEGABRÉFI, KREDITKORTUM OG PENINGUM. ALLT Á SAMA STAÐ SEM KEMUR SÉR VEL Á FERÐALÖGUM.



SÍÐUMÚLA 33 / 108 REYKJAVÍK / SÍMI: 551 6659 / WWW.LVR.IS

Góð stemming á þrettándahátíð við Ægisíðu

Kátt var á hjalla á Þrettándahátíð í Vesturbæ Reykjavíkur þann 6. janúar sl. Dagskráin var fremur hefðbundin, en það var byrjað á söng við Melaskóla, gengið þaðan að Ægisíðunni þar sem kveikt var í brennunni og svo endaði þetta allt með glæsilegri flugeldasýningu.

Líkt og undanfarin ár var vel mætt og



greinilegt að Vesturbæingar sem og aðrir íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa gaman að því að safnast saman og kveðja jólin á þennan hátt. Það voru foreldrafélög í Vestur-, Haga-, Mela- og Granda-, Hlíða- og Austurbæjarskóla sem stóðu fyrir þessari hátíð ásamt Tjörninni frístundamiðstöð og Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Einnig komu Valur og KR að þessu verkefni. Við viljum einnig þakka þeim styrktaraðilum sem hjálpuðu við að gera þessa hátíð eins glæsilega og raunin varð. En það voru hverfisráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, Landsbankinn, Björnsbakarí og VÍS. Einnig ber að þakka við lögreglunni fyrir þeirra framlag ásamt KR- flugeldum sem sáu um að koma flugeldunum í loftið.



Áhyggjur vegna neyðarskýlis



Húsallengjan í Örfirisey. Myndin er tekin frá bílastæði Bónus.

Áhyggjur hafa vaknað vegna fyrirhugaðs neyðarskýlis fyrir fíkniefnaneytendur í Örfirisey. Reykjavíkurborg hefur ákveðið að kom á fót slíku skýli fyrir langt leidda sprautufikla í húsallengju í á Grandanum í Örfirisey. Húsnæðið sem Reykjavíkurborg festi kaup á kostaði 86 milljónir, er um 210 fermetrar að stærð og áætlaður kostnaður við breytingar er um 100 milljónir.

Vandi þessa fólks er mikill og kallar á aðgerðir af hálfu borgarinnar en staðsetningin hefur vakið áhyggjur á meðal þeirra sem eru með atvinnustarfsemi í nágrenninu þar sem vitað er að óþægindi geta hlotist af fólki sem er í þessari stöðu. Engin leyfi hafa verið veitt til að koma á fót gistiðstöðu á þessum slóðum þar sem slíkt stangast á við skipulag svæðisins. Skýrt er kveðið á um að ekki sé heimild fyrir gistiheimili, hótelum eða íbúðabyggð á þessu svæði Faxaflóahafna. Starfsemi neyðarskýlisins hefur hins vegar verið felld undir þjónustustarfsemi en ekki gistingu eða búsetu vegna þess að um samfélagsþjónustu sé að ræða en ekki eiginlega gististarfsemi.



20% AF ÖLLUM VÖRUM

Á FIM & FÖST 24. og 25. jan



**KRISTALS-
VATNS-
FLÖSKUR**
& kristallar
eru kúl



**VINSÆLI
JÓGA-
SAMFESTINGURINN**

Frábær flík úr lífrænni
sterkri bómull sem
fagfólkið fílar.



**25% AF
VÍTAMÍNUM**

Viridian er mest verðlaunaða
vítamín- og bætiefna línan í
dag fyrir gæði og hreinleika.



**FATNAÐUR
BY SIRRY**

Sirry Örvars
er einn okkar fremsti
textilhönnuður.



**BLÁR DRYKKUR Á
BOÐEFNABARNUM
GEGN BLÚS**

Blár matcha hefur slegið
í gegnum um allan heim.

Nú í Systrasamlaginu.

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Hugleiðsla alla
miðvikudagsmorgna kl. 9.15.
Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

Afgreiðslutími:
Mán: 9.30-16
Þri-fös: 9.30-18
Lau 11-16

Nýr leshringur í Vesturbænum

Leshringur 101 hefur tekið til starfa í Vesturbænum. Leshringurinn hittist í Borgarbókasafninu í Grófinni annan þriðjudag í mánuði kl. 17:30 til 18:30 og er opið öllum. Umsjónarmaður hans er Guðrún Baldvinsdóttir.

Á þessu fyrsta starfsári leshringsins 101 verða lesnar bækur sem allar gerast í miðbæ Reykjavíkur.

Þann 12. febrúar verður fjallað um bókina Sólskinshestur eftir Steinunni Sigurðardóttir. Mánuði síðar eða 12. mars er komið að Konur eftir Steinar Braga. 9. apríl verður fjallað um bókina Sögur handa öllum, smásögur eftir Ástu Sigurðardóttur sem var þekkt sem höfundur og myndlistarmaður á síðustu öld. Að lokum eða 14. maí verður fjallað um Táningabók Sigurðar Pálssonar.



Guðrún Baldvinsdóttir
umsjónarmaður Leshrings 101.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



HAMBORGARA
Búllan

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Íslenski sjávarklasinn Veitir viðurkenningar



Íslenski sjávarklasinn veitir á hverju ári sérstakar viðurkenningar til fólks eða fyrirtækja sem eftt hefur samstarf innan klasans. Að þessu sinni voru fjórar viðurkenningar veittar. Frú Eliza Reid forsetafrú veitti viðurkenningar en þeir sem hljóta viðurkenningarnar eiga það sameiginlegt að hafa stuðlað að öflugra samstarfi fólks innan sjávarklasans á Íslandi og stuðlað að aukinni verðmætasköpun í því frumkvöðlasamfélagi sem hefur verið til staðar í Húsi sjávarklasans.

Það sem einkennir fyrst og fremst þá sem hljóta viðurkenningarnar að þessu sinni, er að þessir aðilar hafa hver á sinn hátt leitt margháttað samstarf sem eftt hefur frumkvöðlasamfélagið innan Sjávarklasans.

Starfsfólk Matís

Í fyrsta lagi fær starfsfólk Matís viðurkenningu fyrir öflugt samstarf við fjölmörg frumkvöðlafyrirtæki innan Sjávarklasans. Sú þekking sem starfsfólk Matís hefur upp á að bjóða og sú velvild sem þessir sérfræðingar hafa sýnt mörgum frumkvöðlum hefur verið til mikillar fyrirmyndar. Forysta Matís hefur sýnt hversu mikilvægt samstarf rannsókna og frumkvöðlastarfsemi er.

Linda Björg og Bogi Þór

Í öðru lagi fá þau hjónin Linda Björk Ólafsdóttir og Bogi Þór Siguroddsson fjárfestar viðurkenningu fyrir að taka virkan þátt í uppbyggingu frumkvöðlafyrirtækja í Húsi sjávarklasans. Þátttaka og þekking þeirra í starfi frumkvöðlafyrirtækjanna hefur reynst þessum fyrirtækjum ómetanleg og hvetur vonandi fleiri fjárfesta til þess að taka með afgerandi þátt í uppbyggingu frumkvöðlafyrirtækja.

Konur í sjávarútvegi

Í þriðja lagi hlýtur félagið Konur í sjávarútvegi viðurkenningu fyrir að stuðla að auknu samstarfi kvenna innan sjávarútvegs og auka umræðuna um mikilvægi fjölbreytni til þess að auka verðmætasköpun. Konur í sjávarútvegi var stofnað í Sjávarklasnum og ánægjulegt er að sjá þann kraft sem einkennt hefur starf þessa félags.

Bala Kamallakharan

Í fjórða lagi hlýtur Bala Kamallakharan stofnandi Startup Iceland viðurkenningu fyrir óþrjótandi áhuga á að tengja saman frumkvöðla innan Sjávarklasans. Bala hefur komið að fjölda verkefna innan klasans og tengt frumkvöðla við alþjóðlegt startup umhverfi og fjárfesta.



Smurpjónusta

Opnunartímar

Virka daga	07:45 til 18:00
Laugardaga	12:00 til 16:00

Engar tímapantanir!

Motormax ehf
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

Við smyrjum alla bíla með hágæða **MOTUL** olíum.

Fróðir foreldrar með fræðslukvöld

Er ég að klúðra þessu?

Fróðir foreldrar er samstarfsverkefni frístunda- miðstöðvarinnar Tjarnarinnar, þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, íþróttafélaganna og foreldrafélaga grunnskólanna í hverfinu. Fróðir foreldrar og Menntavísindasvið Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman og hafið samstarf sem lýsir sér þannig að á hverri önn verður eitt af fræðslu- kvöldum Fróðra foreldra haldið í samstarfi við Menntavísindasvið. Fyrsta slíka fræðslukvöldið var haldið þann 16. janúar síðastliðinn.

Á fræðslukvöldinu, sem bar yfirskriftina "Er ég að klúðra þessu", var foreldrum boðið upp á fjölbreyttan fróðleik og hollráð um matvæðni, áhrif feðra, söngþroska og uppeldi. Fyrirlesarar kvöldsins komu frá Menntavísindasviði. Það voru þau Anna Sigríður Ólafsdóttir prófessor, Hrunn Þórarins Ingudóttir lektor, Helga Rut Guðmundsdóttir dósent og Ársæll Már Arnarsson prófessor. Fundarstjóri kvöldsins var Breki Karlsson. Fjölmargir foreldrar mættu og var mikil ánægja með erindin og afar vel heppnað fræðslukvöld.



Frá fræðslukvöldinu.



Lærðu um leið og þú ferðast!

Ertu fædd/ur 2003, 2002 eða 2001?

Þá getur þú sótt um að fara í skiptináms með Mundo í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Frakklandi og Spáni.

Pantaðu viðtal hjá mundo@mundo.is

Nánari upplýsingar hjá:
margret@mundo.is

MUNDO
www.mundo.is

Nýtt hjúkrunarheimili Seltjarnarnesi

Spennandi störf í boði

**Hjúkrunardeildarstjórar – Hjúkrunarfræðingar –
Sjúkraliðar – Starfsfólk við aðhlynningu –
Iðjupjálfar – Sjúkrþjálfarar – Húsvörður**

Leitað er eftir áhugasömu fólki til starfa á nýja 40 rýma hjúkrunarheimilinu að Safnatröð 1 á Seltjarnarnesi.

Í boði er dagvinna- kvöld-helgar-og næturvaktir

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2019.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið starf 1. mars eða eftir nánari samkomulagi.

**Upplýsingar gefur Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar og
Kristín Sigurþórsdóttir mannauðsstjóri: sími 560-4107.**

Sótt er um á heimasíðu [www/sunnuhlid.is](http://www.sunnuhlid.is) merkt Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.



Hjúkrunarheimilið Seltjarnarnesi, Safnatröð 1, 170 Seltjarnarnes

Stækkunarglerslappar



Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.



**GETRAUNANÚMER
KR ER 107**



Ógur & hvíttaukur



Snúðar



Focaccia

Kökuveisla



Slindber

Englaterta

Crème brûlée

Pistasíur



Hjólkorna súrdeigsbraud

Ístolsk braudaveisla



Tomatur

Helgardekur að hætti Jóa Fel

Jói
Fel

BAKARÍ